

ROF-2017-10 Raufarhöfn.net

Markmið: „Verkefnið felst í því að nota næstu þrjú mánuði til að skrá betur og skipuleggja myndasafn sem umsækjandi hefur verið að safna saman á raufarhofn.net undanfarin tíu ár. Mikilvægt er að þetta sé aðgengilegt og í dag er hægt að leita eftir viðfangi en umsækjandi vill gera þetta enn aðgengilegra og er það gert með betri skráningu. Það hefur gríðarlega þýðingu fyrir svæðið að eiga aðgengilegt og viðamikið ljósmyndasafn bæði upp á sögu svæðisins sem og heimildir um fyrri tíma.“. Að mati úthlutunarnefndar er verkefnið metnaðarfullt skref og framlag til að varðveita menningararf Raufarhafnar.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2017.